

# Verkefni á vegum Nemendafélags Glerárskóla veturinn 2024-2025

## Rósaball 17. október



Á árlegu Rósaballi heimsækja nemendur í 10. bekk, nemendur í 8. bekk, færa hverjum og einum þeirra rós og bjóða þá þannig formlega velkomna á unglingastig Glerárskóla.

Ballið hefst kl. 20:30 Aðgangseyrir er kr. 1.000 og nemendur annarra grunnskóla bæjarins eru hjartanlega velkomnir DJ. sér um fjörið – sjoppan verður opin.

Ballinu lýkur klukkan 23:00.

## 23. október - bleikur dagur.

Dagur tileinkaður brjóstakrabbameini - Á Bleika föstudeginum eru nemendur og starfsfólk beðið um að til sýna lit, bera bleiku slaufuna, klæðast bleiku og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni stuðning okkar og samstöðu. Nemendur ganga í bekki og hvetja samnemendur og starfsfólk og mæta í bleikri flík þennan dag.



## 31. október – búningadagur og Halloween-ball



Fimmtudaginn 31. október, á sjálfri hrekkjavökunni, efnir nemendafélagið til búningadaga í Glerárskóla. Þá eru allir hvattir til að mæta í búningum í skólann, bæði nemendur og starfsfólk.

Síðdegis er Halloween-ball. Nemendur skreyta danssalinn með „hryllilegum skreytingum“ og bjóða upp á: Ball fyrir 1. til 4. bekk frá klukkan 17:00 til 18:15 Ball fyrir nemendur í 5. til 7. bekkur fá 18:30 til 20:00 Þessi viðburður er eingöngu fyrir nemendur Glerárskóla.

## 8. nóvember – leynivínadagur á degi gegn einelti



Föstudagurinn 8. nóvember er dagur gegn einelti. Þann dag er lögð áhersá á umræður fræðslu og viðburði til að vinna gegn einelti, hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu. Þennan dag efnir nemendafélagið til leynivínaleiks.

## 11. desember – jólahúfudagur

Fyrsti jólasveinninn kemur til byggða 11. desember og nemendaráðið hvetur alla til að fagna honum með því að mæta með jólasveinahúfu á kollinum þennan dag.



## 19. desember - jólafatadagur

Óskað er eftir því að nemendur og starfsfólk mæti í jólalegum fötum þann 19. desember. Þá er tilvalið að skella sér í jólasokka, jólapeysu og smella jafnvel jólasveinahúfu á kollinn.



## 24. janúar - íþróttatreyju dagur

Mörg okkar eiga íþróttatreyjur og við ætlum öll að mæta í þeim í skólann þriðjudaginn 30. Janúar, hvort sem um er að ræða treyju liðsins sem við æfum með eða liðsins sem við höldum með héraðs eða erlendis.



## 21. febrúar – náttfatadagur



Það verður ef til óþarfi að klæða sig föstudagsmorguninn 22. febrúar. Þá er nefnilega náttfatadagur í Glerárskóla og allir eru hvattir til að mæta í náttfötum, nemendur og starfsfólk.

## Litríkir og skræpóttir sokkar 21. mars

Alþjóðlegi Downs-dagurinn er fimmtudaginn 21. mars. Við tökum öll þátt í honum og mætum í sérlega litríkum sokkum þann dag. Þeir þurfa ekkert endileg að vera í samstæðir



## 2. apríl – litríkur dagur

Aprílmánuður er einstakur. Hann er mánuður einhverfunnar og við sýnum samstöðu í verki með því að koma í skólann klædd í öllum regnbogans litum og þannig fjölbreytileika einhverfunnar.

## 10. apríl – árshátíðarball

Árshátíðarball fyrir nemendur í 1.- 4. bekk hefst kl. 17:45 í íþróttahúsi og stendur til kl. 18:45. Innifalið í aðgangseyrinum er nammi og drykkur. Gengið er inn um íþróttahús.

Árshátíðarball fyrir nemendur í 5. – 10. bekk hefst kl. 20:00. Því lýkur hjá 5.- 6. bekk kl. 21:30, 7. bekk kl. 22:00 og hjá 8. - 10. bekk kl. 23:30.



## 9. maí - hattadagur

Föstudaginn 9. maí efnir nemendafélag Glerárskóla til hattadags. Þá er þess óskað að nemendur og starfsfólk komi með hatt í skólann, því hattar gera lífið skemmtilegra.

